



EFTA-ríkin og Svartfjallaland undirrita fríverslunarsamning

FRÉTTATILKYNNING ⁽¹⁾

Genf – 14. nóvember 2011 - Ráðherrar aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) – Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss – og Svartfjallalands undirrituðu í dag fríverslunarsamning. Samningurinn er til þess fallinn að styrkja efnahagstengsl milli samningsaðila, svo og að efla viðskipti og fjárfestingar.

Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneyti Íslands og ráðuneyti utanríkisviðskipta, Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtensteins, og Johann Schneider-Ammann, yfirmaður efnahagsráðuneytis Sviss, ásamt Vladimir Kavarić, efnahagsráðherra Svartfjallalands, undirrituðu fríverslunarsamninginn.

Viðskiptatengsl milli EFTA-ríkjanna og Svartfjallalands byggja á traustum grunni en sameiginleg yfirlýsing um samvinnu var fyrst undirrituð á árinu 2000 við fyrrum sambandslýðveldið Júgóslavíu og gildi hún áfram um Svartfjallaland eftir að landið hlaut sjálfstæði 2006. Samningaviðræður milli EFTA og Svartfjallalands hófust í mars 2011 og þeim lauk í júlí 2011.

Fríverslunarsamningurinn tekur einkum til iðnvarnings, m.a. fisks, en tvíhliða samningar um landbúnaðarvörur milli EFTA-ríkjanna og Svartfjallalands eru einnig hluti samningsskjala sem fríverslunarsvæði samningsaðila verður byggt á. Á öðrum sviðum hefur verið lagður grunnur að reglum sem veita tiltekin fríðindi þegar fram í sækir. Sameiginleg nefnd mun fylgjast með framkvæmd samningsins sem gengur í gildi eftir að samningsríkin hafa lokið nauðsynlegri málsmeðferð innanlands.

Vöruviðskipti milli EFTA-ríkjanna og Svartfjallalands jukust að meðaltali um 92,9% á tímabilinu 2006 til 2010. Heildarviðskipti milli samningsaðila á árinu 2010 námu 14,1 milljón Bandaríkjadala, þar af fluttu EFTA-ríkin út til Svartfjallalands fyrir 13,3 milljónir dala og fluttu inn fyrir 0,8 milljónir dala. Helstu útflutningsvörur EFTA-ríkjanna til Svartfjallalands eru lyfjavörur, leikföng og íþróttavörur en EFTA-ríkin flytja aðallega inn vélbúnað frá Svartfjallalandi.

Í EFTA-ríkjunum búa alls um 13 milljónir manna og saman mynda þau ellefta stærsta vöruviðskiptaaðila heims og eru umsvifamikil á sviði þjónustuviðskipta og beinnar erlendra fjárfestingar. Þau hafa nú gert 24 fríverslunarsamninga við alls 33 samstarfsríki utan Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Ópinber þýðing EFTA-skrifstofunnar.